



*Klipptu út spjöldin og flokkaðu þau til að sýna röð aðgerða við endurlífgun ungbarns.*

**A**

Síðan skaltu hnoða 30 sinnum með tveimur fingrum á miðjan brjóstkassann.

**B**

til dæmis með því að slá létt undir iljarnar. Ef barnið bregst ekki við þarf umsvifalaust að ...

**C**

að hefja endurlífgun með því að blása munnfylli af lofti 2 - 5 sinnum í barnið (blása í munn og nef).

**D**

Halda áfram að endurlífga barnið með því að hnoða 30 sinnum og blása 2 til skiptis þar til sérhæfð aðstoð berst.

**E**

Síðan þarf að meta hvort öndun er eðlileg með því að opna öndunarveginn, halla höfðinu aftur og lyfta um leið undir hökuna á barninu...

**F**

hringja í Neyðarlínuna 112.

**G**

reyna síðan að horfa, hlusta og finna hvort barnið andar eðlilega, þar sem barnið andar ekki þarf...

**H**

Byrja á að kanna hvort barnið er með meðvitund og bregst við áreiti....